



Til bæjarráðs

Kópavogi, 20. september 2021
2108897/601.00 BR

Efni: Umsögn Umhverfissviðs

Á 3055. fundi bæjarráðs þann 26. ágúst 2021 var óskað umsagnar umhverfissviðs varðandi erindi frá Netgenginu ehf dags. 23. ágúst s.á. þar óskað var umsagna eða athugasemda við heimsendingar með drónum.

Um síðustu áramót tóku í gildi nýjar reglur Evrópusambandsins um flug ómannaðra loftfara (dróna) gildi innan aðildarlandanna sambandsins. Gildistöku reglnanna seinkar hér á landi vegna eðlis og úrvinnslu EES samningsins um upptöku laga og reglna frá Evrópusambandinu. Stefnt er að reglurnar taki gildi um mitt ár 2021. Þangað til nýjar reglur taka gildi gildir áfram reglugerð 990/2017 um flug fjarstýrðra loftfara.

Í gildandi reglugerð um starfrækslu fjarstýrðra loftfara nr. 990/2017 kemur fram í 12. grein m.a. eftirfarandi:

- Óheimilt er að fljúga fjarstýrðu loftfari yfir mannfjölda.
- Innan þéttbýlis er eingöngu heimilt að fljúga í tómstundaskyni fjarstýrðu loftfari sem vegur að hámarki 3 kg. Ekki skal flogið nær íbúðarhúsnæði eða athafnasvæðum en 50 m nema með heimild frá eiganda, umráðanda eða húsfélagi.

Einnig að:

- Leyfi rekstraraðila flugvallar þarf til þess að fljúga fjarstýrðu loftfari innan: 2 km frá svæðamörkum Reykjavíkflugvallar - að því undanskildu að flug er heimilt ef loftfarinu er flogið undir hæð hæstu mannvirkja í næsta nágrenni við flugferil loftfarsins.

Allt Kársnes og hluti Digranes um það bil vestan við Brattabrekku fellur innan 2 km radius frá svæðamörkum Reykjavíkflugvallar og því ætti að þurfa leyfi frá rekstraraðila Reykjavíkflugvallar ef flogið er yfir hæstu hæð mannvirkja í næsta nágrenni við flugferil loftfarsins

Erindishafi hefur sent inn með erindinu undanþáguheimild frá 12. grein reglugerðar 990/2017 frá Samgöngustofu en þar kemur fram að sækja þarf um flug ef flug fer fram í grennd við áætlunarflugvöll.

Að svo stöddu er ekki vitað hvað felst í nýjum reglum Evrópusambandsins né hvernig aðlögun og úrvinnsla reglnanna verður háttáð. En fremur er ekki vitað hvort Samgöngustofa muni gefa út nýja undanþágu frá nýju reglunum né hvernig þeim undanþágunum gæti verið háttáð.



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Í ljósi óvissu með nýjar reglur og úrvinnslu þeirra sem og óvissu með undanþáguheimildir frá nýju reglunum er að svo stöddu ekki mælt með að gefa heimild til heimsendingar með drónum í Kópavogi fyrr en nýjar reglur verða gefnar út.

Einnig er ekki mælt með að heimild verði nokkurn tíma gefin til heimsendingar með drónum innan 2 km frá svæðamörkum Reykjavíkurflugvallar, að Hamraborg undanskilinni þar sem hægt er að halda slíkum loftförum undir hæstu hæð mannvirkja.

Virðingarfyllt,


Kópavogsbær
Umhverfissvið

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar